

# ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 96/2020

frá 14. júlí 2020

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1293 frá 29. júlí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013 að því er varðar skrána yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd í II. viðauka og fyrirmyndina að dýraheilbrigðisvottorði fyrir hunda, ketti og frettur sem sett er fram í IV. viðauka <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lið 10a (framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 1293**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1293 frá 29. júlí 2019 (Stjtið. ESB L 204, 2.8.2019, bls. 3).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 204, 2.8.2019, bls. 3.

2. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við:

„d) Samningsaðilar skulu, á eins mánaðar umbreytingartímabili eftir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2020 frá 14. júlí 2020, heimila innflutning hunda, katta og fretta sem eru flutt inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis og hafa dýraheilbrigðisvottorð sem gefin eru út í síðasta lagi á gildistöku degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2020 frá 14. júlí 2020 í samræmi við fyrirmyndina í 1. hluta IV. viðauka.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1293, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Sabine Monauni**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.